


*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/317*  
*komudagur 21.11.2012*

## Umsögn Stéttarfélags lögfræðinga á 161. þingmáli, frumvarpi til laga um framkvæmdavald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði.

Stéttarfélag lögfræðinga (SL) tekur að mestu leyti undir frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði.

SL gerir alvarlegar athugasemdir við 2. ml. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins þar sem segir; „*Enn fremur getur ráðherra ákveðið að tilteknu embætti sýslumanns verði falin verkefni sem annars ættu undir önnur embætti sýslumanna eða ráðuneytið og undirstofnanir þess, enda samræmist það fyrirmælum laga*“. SL telur algerlega ótækt að slík afdrifarík ákvörðun sem kveðið er á um í ákvæðinu sé í höndum ráðherra og sé algerlega einhliða ákvörðun hans. Með þessu ákvæði í frumvarpinu getur ráðherra flutt stór verkefni einstakra sýslumannsembætta til annarra embætta og með slíkri ákvörðun flutt störf á milli landshluta algerlega einhliða. Slíkri einhliða ákvarðanatöku mótmælir SL algerlega. SL telur að eins viðamikilum breytingum og kveðið er á um ákvæðinu eigi að breyta með lagasetningu og þar með tryggja að lýðræði verði virt. Þá kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að með stækkun embætta verði hin nýju embætti öflugri og verður því ekki séð að nauðsynlegt sé að flytja til verkefni eins embættis í annað. Í öllu falli er það mat SL að varast beri mjög að framselja slíkt vald, sem getið er á um í 4. gr., til framkvæmdavaldsins.

Reykjavík, 1. nóvember 2012,



Alda Hrönn Jóhannsdóttir, formaður SL